

Bréf til íslenskra hluthafa OMX AB

5.2.2008

Kæri hluthafi í OMX AB,

Borse Dubai Limited ("Borse Dubai") í gegn um sænskt dótturfélag sitt BD Stockholm, tilkynnti þann 17. ágúst 2007 um opinbert staðgreiðslutilboð ("Tilboðið") í öll útistandandi hlutabréf í OMX AB (publ)("OMX") til hluthafa OMX samkvæmt þeim skilmálum sem koma fram í tilboðsyfirliti dagsettu 4. janúar 2008 ("Tilboðsyfirlitið").

Þann 31. janúar 2008, gaf OMX út fréttatilkynningu ásamt ársskýrslu sinni og uppgjöri fyrir fjárhagsárið 2007, sem innihalda ákveðnar fjárhagslegar upplýsingar sem höfðu ekki áður verið gerðar opinberar gagnvart markaðnum. Fréttatilkynningin og uppgjör fyrir fjárhagsárið 2007 eru hluti af viðauka („Viðaukinn“) þessum.

Þar sem ofangreind fréttatilkynning og uppgjör fyrir fjárhagsárið 2007 hafa að geyma upplýsingar sem kunna að hafa áhrif á mat hluthafa á Tilboðinu, hefur Borse Dubai útbúið Viðaukann við Tilboðsyfirlitið sem inniheldur ofangreinda fréttatilkynningu sem og ársskýrslu og uppgjör vegna ársins 2007. Viðaukinn hefur verið staðfestur og vistaður hjá Sænska Fjármálaeftirlitinu (Finansinspektionen) auk þess sem Finnska Fjármálaeftirlitið og Íslenska Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt hann ásamt fylgibréfi þessu þann 5. febrúar 2008.

Samkvæmt sænskum lögum og reglum sem um Tilboðið gilda, mun Borse Dubai veita öllum hluthöfum OMX 5 virka daga til að afturkalla samþykki sín á Tilboðinu frá og með útgáfu Viðaukans með því að framlengja samþykkisfrest samkvæmt upphaflega Tilboðinu til kl. 11.59 síðdegis að New York tíma þann 12. febrúar 2008, sem er kl. 04.59 að morgni þess 13. febrúar 2008 að íslenskum tíma, og þar með fresta uppgjöri viðskiptanna um 5 virka daga. Allir aðrar skilmálar Tilboðsins sjálfs haldast óbreyttir.

Að því gefnu að Borse Dubai lýsi því yfir eigi síðar en þann 15. febrúar 2008 að skilyrði Tilboðsins hafi verið uppfyllt eða frá þeim fallið, er gert ráð fyrir að uppgjör gagnvart íslenskum hluthöfum OMX muni hefjast í kring um 19. febrúar 2008.

Borse Dubai áskilur sér rétt til þess að framlengja samþykkisfrest Tilboðsins frekar, svo og að fresta uppgjörsdegi viðskiptanna, allt í samræmi við þau lög og reglur sem um Tilboðið gilda.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar eru fáanlegar hjá H.F Verðbréfum í símanúmeri 585 1700. Frekari upplýsingar á íslensku varðandi OMX og ofangreinda fréttatilkynningu, ársskýrslur og árshlutaskýrslur er að finna á Internetinu á heimasíðu OMX <http://www.omxgroup.com>.